

Ed.

440. Nefndarálit

[203. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 84/1986, um breyt. á l. nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Frumvarp þetta fjallar um frest fyrir Reykjavíkurlæknishérað og heilsugæsluumdæmi Garðakaupstaðar til að koma á heilsugæslukerfi svo sem lög nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, kveða á um. Frestur þessi skal veittur í eitt ár í mesta lagi.

Í umræðum um frumvarpið í deildinni kom fram að þegar eru hafnar viðræður um fyrrgreinda kerfisbreytingu við bæjarstjórn Garðakaupstaðar og líkur taldar á að hún komi til framkvæmda fljótlega upp úr áramótum. Jafnframt lýsti heilbrigðisráðherra þeirri ætlan sinni að hefja viðræður við Reykjavíkurborg svo fljótt sem verða má um að koma þar á um eða upp úr miðju næsta ári samræmdu heilsugæslukerfi sem beri sömu skyldur gagnvart öllum íbúum svæðisins samkvæmt lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og með tilliti til framanritaðs leggur hún til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 29. des. 1987.

Karl Steinar Guðnason,
form.

Guðrún Agnarsdóttir,
fundaskr.

Salome Þorkelsdóttir,
frsm.

Valgerður Sverrisdóttir.

Margrét Frímannsdóttir.

Stefán Guðmundsson.

Guðmundur H. Garðarsson.